

Eik fasteignafélag hf.

Aðalfundur 30. mars 2023

Stjórn Eikar fasteignafélags hf. boðar til aðalfundar í félaginu kl. 16:00 fimmtudaginn 30. mars 2023. Fundurinn verður haldinn rafrænt og í salnum Ásgarði, Miðgarði by Center Hotels, Laugavegi 120, 105 Reykjavík.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagðir fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og nefnda fyrir störf þeirra fyrir komandi starfsár
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
8. Heimild til kaupa á eigin hlutum
9. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Aðrar upplýsingar:

Vefstreymi verður frá fundinum en hluthafar munu geta sótt fundinn í eigin persónu. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Atkvæðagreiðsla mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi AGM án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt. Hægt verður að bera upp skriflegar spurningar í gegnum snjallforrit eða heimasíðu Lumi AGM.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða í eigin persónu, eru beðnir um að skrá sig tímanlega á heimasíðunni www.lumiconnect.com/meeting/eik2023 og ekki seinna en kl. 16:00 þann 29. mars 2023. Opnað verður fyrir skráningu föstudaginn 10. mars 2023. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Hluthafar eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum heimasíðu Lumi AGM.

Hluthafi getur falið umboðsmanni að sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagset og skriflegt umboð, en form að umboði er aðgengilegt á heimasíðu félagsins, www.eik.is. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum og leggja fram ályktunartillögur ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til stjórnar félagsins eigi síðar en sunnudaginn 19. mars 2023. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið stjornun@eik.is. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekin til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur fyrir framangreint tímamark, verða dagskrá og tillögur uppfærðar á heimasíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar eigi síðar en fimmtudaginn 16. mars 2023. Mál sem ekki er getið í endanlegri dagskrá aðalfundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Þar sem fundurinn fer að hluta til fram rafrænt eru hluthafar beðnir um að láta vita fyrirfram, og svo tímanlega sem kostur er, ef þeir ráðgera að bera upp mál á fundinum.

Tillögur tilnefningarnefndar koma fram í skýrslu nefndarinnar sem er aðgengileg hluthöfum á heimasíðu félagsins. Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið stjornun@eik.is lýkur sjö sólarhringum fyrir aðalfund, nánar tiltekið kl. 16:00 fimmtudaginn 23. mars 2023. Eyðublöð vegna framboðs til stjórnarsetu er að finna á heimasíðu félagsins og verða upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar birtar þar og verða til sýnis á skrifstofu þess eigi síðar en sólarhring eftir að framboðsfrestur rennur út.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður, sbr. 11. gr. samþykpta félagsins. Aðalfundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn og atkvæðaseðlar einnig á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem endanleg dagskrá, tillögur stjórnar og hluthafa, starfskjarastefna, skýrsla tilnefningarnefndar félagsins, eyðublöð vegna umboðs og framboðs til stjórnar, upplýsingar um frambjóðendur, upplýsingar um fjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu, er (eða verður eftir því sem þau verða til) að finna á heimasíðu félagsins. Auk þess munu viðeigandi gögn liggja frammi í höfuðstöðvum félagsins, að Sóltúni 26, 105 Reykjavík, þremur vikum fyrir aðalfundinn.